

**Fundargerð**  
**Fundur þróunarsamvinnunefndar 6. desember 2024**  
**Kl. 08:00 – 10:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams**

**Mætt:**

Stella Samúelsdóttir (formaður þróunarsamvinnunefndar), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands), Gísli Rafn Ólafsson (Píratar), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkunnar), Ragnar Gunnarsson (SÍK), Ragnar Schram (SOS barnaþorp), Sara McMahon (UN Women Ísland) og Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi).

Teams: Sjöfn Vilhelmsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn) og Birna Þórarinsdóttir (Unicef) boðuðu forföll.

**Fulltrúar utanríkisráðuneytisins:** Elín R. Sigurðardóttir, Sara Ögmundsdóttir, María Mjöll Jónsdóttir og Anna Pála Sverrisdóttir.

**Aðrir gestir:** Helga Barðadóttir (staðgengill skrifstofustjóra skrifstofu stefnumótunar og innleiðingar hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti).

**Nefndarritari:** Kolbeinn Arnarson.

**1. Fundur settur (08:06)**

Formaður bauð nefndarmenn og gesti velkomna og setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta fundar, sem var þar með samþykkt.

**2. Staða mála á Gaza og fyrir botni Miðjarðarhafs og viðbrögð stjórnvalda (08:10).**

María Mjöll Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu alþjóðapólitískra málefna, kynnti stöðu mála á Gaza og fyrir botni Miðjarðarhafs með hliðsjón af viðbrögðum íslenskra stjórnvalda. Fram kom að í kjölfar árásar Hamas á Ísrael 7. október 2023 studdu íslensk stjórnvöld rétt Ísraelsríkis til þess að verja sig en hafa jafnframt alltaf ítrekað mikilvægi þess að farið sé að alþjóðalögum.

Hún fór yfir mannúðaraðgengi á Gaza og hvernig greint hefur verið frá því að ísraelsk stjórnvöld hamli það með gríðarlegum afleiðingum fyrir íbúa svæðisins. Fram kom að frá 7. október 2023 hafi Ísland greitt atkvæði með öllum ályktunum allsherjarþingsins sem átökin varða að undanskilinni þeirri fyrstu þar sem Ísland sat hjá ásamt þremur af hinum fjórum Norðurlöndunum. Afstaða Íslands hafi grundvallast á ályktun Alþingis frá 9. nóvember 2024 þar sem kallað er eftir tafarlausu vopnahléi af mannúðarástæðum, lausn allra gíslna, óheftu aðgengi fyrir neyðaraðstoð og undantekningarlausri virðingu við alþjóðalög. Hún áréttaði að íslensk stjórnvöld hafi ávallt haft alþjóðalög að leiðarljósi í afstöðu sinni hvað varðar átökin. Þannig hafi Ísland m.a. hvatt Ísrael til að fara að ráðgefandi áliti Alþjóðadómstólsins í Haag og stutt ályktun allsherjarþingsins þar að lútandi. Hún sagði jafnframt að stjórnvöld hefðu gefið út að þau myndu framfylgja ákvörðun Alþjóðlega sakamáladómstólsins, sem hefur gefið út handtökuskipun á Benjamin Netanyahu forsætisráðherra Ísrael kæmi til þess.

Fram kom að átökin fyrir botni Miðjarðarhafs, líkt og innrásarstríð Rússlands í Úkraínu, séu til umræðu hjá nær öllum alþjóðastofnunum og hafi að einhverju leyti áhrif á starfsemi þeirra. Einnig kom fram að tækifæri íslenskra stjórnvalda til að hafa áhrif á gang mála væru takmörkuð og að stjórnvöld hafi tekið þann pól í hæðina að mikilvægt sé að viðhalda talsambandi við stjórnvöld í Ísrael, sem sé ein helsta leið íslenskra stjórnvalda til þess að koma afstöðu sinni á framfæri og hafa áhrif.

Þá fór Anna Pála Sverrisdóttir, ráðunautur og yfirmaður mannúðarmála yfir framlög til mannúðarmála vegna átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Fram kom að framlög stjórnvalda sem renna til Gaza eru há ef borin saman við önnur framlög til mannúðarmála, auk þess sem þróunarsamvinnuframlög hafa einnig verið aukin. Framlög til UNWRA voru aukin og nema nú 110 m.kr. sem samningsbundið kjarnaframlag fyrir árið 2024 en viðbótarframlög frá upphafi átaka séu alls 552 m.kr. Önnur framlög vegna ástandsins á Gaza hafa runnið til Matvælaáætlunar SP (WFP), sérstaks svæðasjóðs Samræmingarskrifstofu SP fyrir mannúðarmál (OCHA), kvennasamtaka sem veita lagalega aðstoð og ráðgjöf (Women's Centre for Legal Aid and Counselling (WLCAC)), palestínskra heilbrigðishjálparsamtaka (Palestinian Medical Relief Society (PMRS)) og til sérstaks sjóðs Alþjóðabankans. Anna Pála sótti nýverið framlagaráðstefnu á vegum egypskra stjórnvalda, Sameinuðu þjóðanna og UNWRA sem haldin var í Kaíró í Egyptalandi þar sem rætt var um bráðaaðstoð og mannúðaraðgengi. Kom þar fram að virtir fréttamiðlar hafi greint frá því að glæpagengi, mögulega studd af aðilum í Ísrael, komi í veg fyrir að mannúðaraðstoð nái til íbúa Gaza. Jafnframt var á ráðstefnunni rætt um endurheimt og enduruppbyggingu á Gaza, en talið er að vegna árása á Gaza hafi þróunarstig þar farið aftur um 69 ár og í umræðu á ráðstefnunni var áhersla lögð á að hægt verði að búa á ný á svæðinu. Fram kom að aðstæður á Gaza eru einstaklega krefjandi og í raun nánast ómögulegt að veita mannúðaraðstoð og halda uppi þjónustu á borð við menntun barna. Kom fram að á Gaza er hæsta hlutfall barna sem misst hafa útlími í heiminum. Ýmis ríki og aðilar í alþjóðakerfinu horfa til möguleika á að byggja svæðið upp, en mikilvæg forsenda eru samningar um varanlegan frið. Loks kom fram að ástandið hefur áhrif á grannríkin og hefur til að mynda myndast straumur flóttafólks frá Líbanon til Sírlands. Að lokum fór Anna Pála yfir öll framlög til Gaza á árinu, en stjórnvöld hétu 40 m.kr. til viðbótar við fyrri framlög á áheitaráðstefnunni í Kaíró.

### **3. Umræður 08:40**

Rætt var um tengsl og samtal við ísraelsk stjórnvöld og hvaða virði kunni að vera í slíku samtali. Fram kom að mikilvægt sé, ekki síst í ljósi móttöku flóttafólks frá Palestínu, að eiga samráð við stjórnvöld, sem veiti samþykki fyrir ferðum fólks til og frá Gaza. Rætt var um þvingunaraðgerðir, sem ýmsir telja löngu tímabærar þar sem alþjóðakerfið hafi tapað ákveðnum trúverðugleika í þeim efnum, ekki síst borið saman við viðbrögð Vesturlanda við innrásarstríði Rússa í Úkraínu.

Fram kom að íslensk stjórnvöld eiga ekki í samskiptum við Hamas. Hamas beri einnig ábyrgð á ástandinu á Gaza og það er vatn á myllu þeirra sem segja að íslensk stjórnvöld gangi of langt í að gagnrýna Ísrael að það heyrst lítið um Hamas þegar stjórnvöld gagnrýna Ísrael. Ljóst sé að vilji til vopnahlés sé ekki til staðar og að ábyrgð á áframhaldandi átökum á ábyrgð beggja, Hamas og stjórnvalda í Tel Aviv.

Rætt var um hvernig koma megi stuðningi íslenskra stjórnvalda betur á framfæri í íslensku samfélagi, ekki síst í tengslum við setu í mannréttindaráði SP. Fram kom að verið sé að skoða hvernig því verði best háttað. Einnig var bent á að fréttir og annað efni sem tengist stefnu stjórnvalda og aðgerðum er birt á vefsíðu og öðrum miðlum ráðuneytisins, en erfitt að stjórna því hvað síðan rati í fjölmiðla.

Að lokum var rætt um ástand og aðbúnað barna á Gaza, sem er skelfilegur, um 17 þúsund munaðarlaus börn og tugir þúsunda sem hafa særst. Tölur um börn sem misst hafa útlími liggja ekki fyrir.

### **4. Fjárlög 2025: málefni þróunarsamvinnu 09:00**

Sara Ögmundsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra fjármálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins fór yfir framlög til þróunarsamvinnu á fjárlögum 2025 sem og þróun framlaga undanfarin ár, en

framlög hafa farið hækkandi, þótt enn sé langt í land í 0,7% viðmið Sameinuðu þjóðanna um hlutfall opinberrar þróunaraðstoðar af VÞT. Stefna Íslands í þróunarsamvinnu gefur það til kynna að Ísland sé einart í þeirri vegferð en stefnan er að ná 0,7% viðmiðinu árið 2035.

Ísland náði 0,35% af VÞT árið 2023, ári seinna en markmið stjórnvalda hafði sett fram í stefnu. Helsta breyta sem hefur áhrif á þetta er kostnaður vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, og sá hluti þess kostnaðar sem telja má fram til þróunarsamvinnu.

Breytt nálgun í áætlanagerð hérlandis tekur mið af vegnu meðaltali tveggja síðustu ára sem gefur raunhæfari markmið inn í fjármálaáætlun. Þessi nálgun ætti að styrkja það að Ísland nái markmiðum sínum í þróunarsamvinnu inn í tímabil nýrrar stefnu.

Ísland er að nálgast meðaltal OECD DAC ríkja um heildarframlög sem hlutfall af vergum þjóðartekjum, en meðaltalið fyrir 2023 skv. bráðabirgðartölum var 0,37%. En fimmta árið í röð náði opinber þróunaraðstoð (ODA) frá aðildarríkjum OECD DAC hámarksupphæð árið 2023, sem á rætur sínar að rekja til aðstoðar til Úkraínu, hækkun til mannúðaraðstoðar og framlaga til alþjóðastofnana.

Í lokin var farið yfir framlög næsta árs, sem ber með sér talsverða hækkun á framlögum til þróunarsamvinnu, en er einungis vegna hækkunar framlaga til Úkraínu. Ekki er raunbreyting á öðrum liðum innan málaflöksins.

## **5. Umræður 09:15**

Rætt var um málefni umsækjenda um vernd og hvort gera beri greinarmun á umsækjendum eftir upprunalandi og ástandi með það til hliðsjónar hvort kostnaður sem til fellur þeirra vegna greiðist af framlögum þróunarsamvinnu. Einnig var rætt um mismunandi nálgun ríkja um hvernig þessi kostnaður er talinn fram, ýmist sem framlög til þróunarsamvinnu eða ekki. Einnig var rætt um kostnað vegna umsækjenda um vernd frá Úkraínu og kom fram að hann væri óverulegur þar sem sá tími sem líður þar til vernd er veitt er mjög stuttur. Loks kom fram að erfitt er að bera saman gögn ríkja hvað þetta varðar þar sem að kostnaður vegna umsækjenda frá Úkraínu er talin fram á mismunandi hátt í aðildarríkjum þróunarsamvinnunefndar OECD.

## **6. COP29, helstu niðurstöður og umræða um áhrif á þróunarríkin 09:25**

Helga Barðadóttir, formaður sendinefndar Íslands á ríkjaráðstefnu loftlagssamnings SP (UNFCCC), COP29, sem haldin var í Bakú í Aserbasjan, kynnti helstu niðurstöður ráðstefnunnar og áherslur íslenskra stjórnvalda. Stóru málin á COP29 að þessu sinni voru, að semja um nýtt markmið um fjármögnun loftslagsaðgerða eftir 2025 (NCQG) og snérist umræðan um hver hin nýja upphæð ætti að vera, hvort fleiri ríki en þau sem nú eru skilgreind sem þróuð ríki ættu að leggja til fjármagn og hvernig úthlutun skuli háttáð. Einnig var rætt um hvernig auka beri hlut einkaaðila í fjármögnun loftslagsaðgerða. Kolefnismarkaði, í samræmi við greinar 6.2 og 6.4 Parísarsamningsins, aðgerðir til samdráttar með áherslu á borgarsamfélög og innviði. Eftirfylgni ákvörðunar um hnattræna stöðutöku frá því í fyrra og meðal annars horft til samhengis við uppfærð landsákvörðuð markmið (NDC) sem aðildarríkin eiga að skila til loftlagssamningsins í upphafi næsta árs svo og aðlögun að loftslagsbreytingum þá helst um skilgreiningu mælikvarða og fyrirkomulag fjármögnunar á aðlögunaraðgerðum og umræða um jafnrétti og loftslagsmál.

Helstu átakalínur hverfðust meðal annars um kröfu þróunarríkjanna um aukið fjármagn til að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga og afstaða ríkja til nýjustu vísindaniðurstaðna. Fram kom að nokkur andstaða var við að skerpa á texta frá síðasta þingi um að fasa út jarðefnaeldsneyti og voru Saudi-Arabar þar fremstir í flokki. Jafnframt var nokkuð erfið umræða um orðalag um jafnréttismál sem er ein birtingarmynd bakslags í mannréttinda- og jafnréttismálum á heimsvísu.

Samkomulag náðist þó um nýtt markmið um fjármögnun loftslagsaðgerða eftir 2025 eftir erfiðar samningaviðræður. Skörp átakalína var um heildarupphæð og fyrirkomulag greiðslna þar sem tekist var m.a. á um skiptingu ríkja í þróuð ríki og þróunarríki, sem margir telja ekki eigi lengur við þar sem þróunarríki samkvæmt þeirri skilgreiningu séu það ekki lengur og að sé horft til efnahags gætu sum þeirra verið framlagsríki frekar en viðtökuríki. Nýtt markmið fyrir tímabilið 2025-2035 segir til um árleg a.m.k. 300 milljarða Bandaríkjadala framlag til loftslagsaðgerða í þróunarríkjum og skuli stefnt að því að heildarfjármögnun frá opinberum og einkaaðilum nemi a.m.k. 1,3 milljörðum dala á ári á sama tímabili. Hvað varðar kolefnismarkaði náðist samkomulag um regluverk um staðla og aðferðafræði, þannig að hægt verður að setja formlega á laggirnar alþjóðlegan kolefnismarkað.

Ekki náðist samkomulag um eftirfylgni ákvörðunar um hnattræna stöðutöku frá COP28 og verður rætt á undirnefndafundi í sumar til undirbúnings næstu ríkjaráðstefnu COP30. Töluvert bar á milli ríkjahópa um hvað helst beri að draga fram um stöðuna þar sem þróunarríkin horfa til fjármögnunar loftslagsaðgerða og innviðauppyggingar en iðnríkin horfa frekar til mótvægisáðgerða, á vísindalega nálgun og mannréttindi. Erfiðlega gekk að ná saman um ákvörðun um mótvægisáðgerðir og orðalag þar um og varð talsvert útpynnt. Loks kom fram að vonir stóðu til þess að samþykkja verkefnaáætlun um kynjajafnrétti og loftslagsbreytingar sem samþykkt var á COP20 í Lima og uppfærð á COP25, en eftir erfiðar samningaviðræður þar sem Ísland ásamt fleiri líkt þenkjandi ríkjum þótti niðurstaðan helst til metnaðarlítill, var ákveðið að framlengja upphaflega áætlun til næstu 10 ára.

Fram kom að kjarninn í málflutningi íslenskra stjórnvalda á ráðstefnunni var, að hitastig jarðar hækki ekki um meira en 1,5°C, útfösun á notkun jarðefnaeldsneytis, að niðurgreiðslu á jarðefnaeldsneyti verið hætt, að vísindin séu grunnur ákvarðana, vitundarvakning varðandi áhrif loftslagsbreytinga á freðhvolið, réttlát umskipti, mannréttindi og jafnréttismál.

## **7. Umræður 09:55**

Rætt var um þátttöku nefndarinnar í umræðu um loftslagsmál í ljósi hlutverks hennar sem stefnumótandi í þróunarsamvinnu. Bent var á að loftslagsmálin séu æ stærri þáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu bæði í stefnum og áherslum framlagsríkja sem og í þróunaráætlunum samstarfsríkja. Jafnframt var bent á að í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og áherslum ríkisstjórnar, sé aukin áhersla á umhverfis- og loftslagsmál auk þess sem stjórnarsáttmáli (þáverandi) ríkisstjórnar leggur áherslu á loftslagsmál í þróunarsamvinnu. Jafnframt var rætt um framlög til umhverfis- og loftslagstengdra verkefna í þróunarsamvinnu, sem hafa farið vaxandi undanfarin ár og mikilvægi þess að veita jafnframt stuðning um tæknilegar lausnir og miðla þekkingu til að styðja við aðgerðir til að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga. Að lokum var stuttlega rætt um afstöðu forseta Bandaríkjanna til Parísarsamningsins, en eins og kunnugt er dró hann Bandaríkin út úr samningnum í síðustu forsetatíð sinni.

## **Fundi slitið kl. 10:10.**